



# Starfsreglur bankaráðs Seðlabanka Íslands

---

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli  
2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands.

## 1. gr. Skipan bankaráðs.

- 1.1. Bankaráð er kjörið að loknum kosningum til Alþingis. Bankaráð skipa sjö fulltrúar kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Hvorki má kjósa til setu í bankaráði stjórnarmenn eða starfsmenn eftirlitsskyldra aðila né eigendur virkra eignarhluta í eftirlitsskyldum aðilum. Sama á við um alþingismenn, varaþingmenn og ráðherra. Bankaráðsfulltrúar skulu búa yfir staðgóðri þekkingu á stjórnarsýslu og þeim lögum og reglum sem gilda um Seðlabankann. Leitast skal við að í bankaráði sitji á hverjum tíma fulltrúar með víðtæka þekkingu á íslensku efnahagslífi, fjármálamarkaði, stjórnun og rekstri. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið. Láti bankaráðsmaður af störfum tekur varamaður sæti hans þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins.

## 2. gr. Fyrsti fundur nýs bankaráðs. Skipting starfa.

- 2.1. Bankaráð velur formann og varaformann úr eigin röðum.
- 2.2. Fyrsta fund nýkjörins bankaráðs sitja aðal- og varamenn bankaráðsins, seðlabankastjóri, innri endurskoðandi, varaseðlabankastjórar og ritari bankaráðsins. Varamenn bankaráðsmanna sitja fyrsta fund ráðsins en hafa hvorki tillögu- né atkvæðisrétt.
- 2.3. Starfsaldursforseti bankaráðs úr röðum aðalmanna setur fyrsta fund nýkjörins bankaráðs og stýrir kjöri formanns bankaráðs. Hafi tveir eða fleiri sama og lengstan starfsaldur stýrir sá þeirra fundi sem er aldursforseti. Hann lýsir eftir tilnefningum til formanns. Þegar ein eða fleiri tilnefningar hafa komið fram spyr hann hvort kjör skuli fara fram með handauppréttingum eða óskað sé skriflegrar atkvæðagreiðslu. Hafi aðeins komið fram ein tilnefning, og ef ekki er óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, lýsir aldursforsetinn því yfir að formaður bankaráðs sé sjálfkjörinn.
- 2.4. Formaður bankaráðs tekur við fundarstjórn og stýrir kjöri varaformanns bankaráðs sem fer fram með sama fyrirkomulagi og kjör formanns bankaráðs.
- 2.5. Komi til atkvæðagreiðslu við formanns- eða varaformanskjör skal einfaldur meirihluti atkvæða ráða. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.
- 2.6. Ritari bankaráðsins skal afhenda hverjum aðal- og varamanni í bankaráði handbók sem inniheldur samantekt af lögum, reglum, ákvörðunum og annað sem snertir

starfsemi bankaráðsins. Eins fljótt og verða má skal haldinn kynningarfundur um starfsemi bankans fyrir nýkjörið bankaráð, aðalmenn og varamenn. Leitast skal við að ef nýir fulltrúar í bankaráði bætast við á kjörtímabilinu fái þeir einnig viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða starfsemi Seðlabankans og bankaráðs.

### **3. gr. Hlutverk og markmið.**

- 3.1. Hlutverk og valdheimildir bankaráðsins eru skilgreindar í lögum nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, einkum í 8. gr. laganna.
- 3.2. Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við þau lög sem um starfsemina gilda. Eftirlit bankaráðs tekur þó ekki til málsmeðferðar eða ákvarðana í einstökum málum.
- 3.3. Við framkvæmd starfa sinna geta bankaráðsmenn leitað til tilgreindra starfsmanna bankans að höfðu samráði við seðlabankastjóra.
- 3.4. Bankaráð getur samþykkt að fá álit utanaðkomandi sérfræðinga vegna hlutverks síns.
- 3.5. Bankaráð skal reglubundið upplýst af seðlabankastjóra um helstu þætti í stefnu bankans sem og um reglur sem hann setur. Jafnframt geta bankaráðsmenn lagt fram fyrirspurnir til seðlabankastjóra.
- 3.6. Bankaráð skal eiga rétt á öllum þeim upplýsingum um Seðlabanka Íslands og félög í eigu bankans sem nauðsynlegar eru til að ráðið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

### **4. gr. Nánar um verkefni bankaráðs.**

- 4.1. Nánar afmörkuð eru verkefni bankaráðs eftirtalin:
  - 4.1.1. Ákveða laun og starfskjör fulltrúa í peningastefnunefnd, fjármála stöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd.
  - 4.1.2. Staðfesta starfsreglur peningastefnunefndar, fjármálastöðugleikanefndar og fjármálaeftirlitsnefndar.
  - 4.1.3. Hafa umsjón með innri endurskoðun við bankann og ráða innri endurskoðanda.
  - 4.1.4. Staðfesta kjarasamninga við starfsmenn bankans, fjalla um reglur um lífeyrissjóð þeirra og staðfesta skipun fulltrúa í stjórn hans þegar svo ber undir.
  - 4.1.5. Staðfesta tillögu Seðlabankans til ráðherra um reglur um reikningsskil og ársreikning bankans.
  - 4.1.6. Staðfesta ársreikning bankans. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.
  - 4.1.7. Staðfesta ákvörðun bankans um eiginfjármarkmið og ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.
  - 4.1.8. Staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans sem seðlabankastjóri leggur fram í upphafi hvers starfsárs.

- 4.1.9. Hafa eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta ákvarðanir um fjárfestingar í húsnæði og annarri aðstöðu fyrir starfsemina sem teljast meiri háttar.
  - 4.1.10. Staðfesta gjaldskrá sem bankaráð setur fyrir hvers kyns þjónustu, sbr. 43. gr. seðlabankalaga.
- 4.2. Bankaráði er heimilt að veita formanni umboð til að ráða einstökum málum til lykta.
  - 4.3. Bankaráð getur skipað undirnefnd úr eigin röðum til að undirbúa mál fyrir almenna fundi þess.

## **5. gr. Nánar um upplýsingagjöf til bankaráðsins.**

- 5.1. Eftirfarandi upplýsingar um starfsemi, fjármál og rekstur Seðlabankans skal leggja fyrir bankaráð:
  - 5.1.1. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu kynntar bankaráði á næsta bankaráðsfundi eftir að þær voru gerðar opinberar.
  - 5.1.2. Skýrslur um peningamál, fjármálastöðugleika og fjármálainnviði skulu kynntar bankaráði á næsta bankaráðsfundi eftir að þær eru útgefnar.
  - 5.1.3. Að minnsta kosti tvisvar á ári skal leggja fram og kynna skýrslu um rekstrarkostnað Seðlabankans.
  - 5.1.4. Að minnsta kosti tvisvar á ári skal leggja fram og kynna skýrslu um varðveislu gjaldeyrisforðans.
  - 5.1.5. Þriggja, sex og níu mánaða uppgjör Seðlabankans og dótturfélaga, auk samstæðuuppgjör, skulu lögð fyrir bankaráð eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum uppgjörstímabils. Endurskoðuðu uppgjöri bankans skal lokið fyrir 31. mars hvert ár. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar, ásamt innri endurskoðanda, skulu vera viðstaddir kynningu endurskoðaðra eða kannaðra uppgjöra.
  - 5.1.6. Innri endurskoðandi skal kynna bankaráði starfsemi sína, a.m.k. tvisvar á ári.
  - 5.1.7. Rekstraráætlun fyrir komandi rekstrarár Seðlabankans skal lögð fyrir bankaráð á síðasta ársfjórðungi hvers árs.
  - 5.1.8. Þá skal bankaráð eiga rétt á öllum þeim upplýsingum er varða rekstur og starfsemi bankans sem nauðsynlegar er til að það geti rækt starf sitt. Upplýsingar sem bankaráð kann að óska eftir skulu lagðar fyrir eða kynntar bankaráði sem fljótt sem auðið er.

## **6. gr. Innri endurskoðun.**

- 6.1. Bankaráð hefur umsjón með innri endurskoðun Seðlabankans og ræður innri endurskoðanda.
- 6.2. Innri endurskoðandi skal hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu.
- 6.3. Innri endurskoðandi skal hafa með höndum kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna Seðlabankans. Hann skal starfa samkvæmt áhættumiðari endurskoðunaráætlun sem bankaráð staðfestir. Endurskoðunaráætlunin skal uppfærð reglulega.
- 6.4. Innri endurskoðanda skal send boðuð dagskrá bankaráðsfundar svo hann geti tekið afstöðu til þess hvort hann sitji fundinn, allan eða hluta. Innri endurskoðandi skal jafnframt sitja fund, allan eða að hluta, ef einn eða fleiri bankaráðsmenn óska þess.
- 6.5. Bankaráð skal sjá til þess að innri endurskoðandi hafi nægilegt sjálfstæði til þess að geta óháð sinnt starfi sínu af kostgæfni og hafi beinan aðgang að bankaráði.

## **7. gr. Útgjöld bankaráðs.**

- 7.1. Þegar bankaráð tekur ákvarðanir sem hafa í för með sér útlagðan kostnað fyrir bankann skulu þær vera eins skýrt afmarkaðar og kostur er. Formanni skal þá falið að meta kostnað sem af þeim leiðir og samþykkja útgjöld að fenginni heimild bankaráðs. Formaður skal ávallt upplýsa bankaráðið um framgang slíkra mála.

## **8. gr. Fundir bankaráðs.**

- 8.1. Formaður bankaráðs kallar bankaráð saman til funda, stýrir fundum og ákveður dagskrá.
- 8.2. Bankaráðsmenn hafa tillögurétt að dagskrárlið og meirihluti bankaráðs getur ákveðið dagskrá. Drög að dagskrá skulu liggja fyrir eigi síðar en 3 virkum dögum fyrir fund.
- 8.3. Í dagskrá skal geta um öll mál sem verða til umfjöllunar á fundinum. Ef fjalla á um breytingar á rekstraráætlun eða sérstök útgjöld verður ekki tekin um það ákvörðun nema það komi fram í boðaðri dagskrá. Ef nauðsyn ber til getur bankaráð ákveðið að víkja frá þessari reglu.
- 8.4. Almennt skal halda fund í bankaráðinu mánaðarlega. Ætíð skal þó halda fund þegar tveir fulltrúar í bankaráði óska þess.
- 8.5. Innri endurskoðandi hefur rétt til setu á bankaráðsfundum.
- 8.6. Ytri endurskoðendur sitja fundi bankaráðs þegar fjallað er um reikningsskil bankans sem þeir árita.
- 8.7. Seðlabankastjóri tekur þátt í umræðum á fundum bankaráðs og hefur tillögurétt. Seðlabankastjóri, innri endurskoðandi og/eða ritari bankaráðs skulu víkja af

fundum ef bankaráð ákveður. Sé ritara bankaráðs vikið af fundi skal bóka um það sérstaklega í gerðabók hver tekið hafi við ritun fundargerðar.

- 8.8. Seðlabankastjóri skal á hverjum bankaráðsfundi gera grein fyrir helstu þáttum í starfsemi Seðlabankans frá síðasta fundi. Þá skal seðlabankastjóri jafnan upplýsa bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans og um reglur sem hann setur.
- 8.9. Fundur bankaráðs er ályktunarhæfur ef meirihluti bankaráðs situr fund.
- 8.10. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála á fundum bankaráðs. Falli atkvæði jafnt skal atkvæði formanns bankaráðs ráða.
- 8.11. Ef aðalmenn í bankaráði forfallast skulu varamenn þeirra boðaðir á fundi bankaráðs í þeirra stað. Aðalmaður í bankaráði tilkynnir ritara bankaráðs um forföll og boðar ritari varamann.
- 8.12. Varaformaður gegnir hlutverki formanns á fundum í forföllum bankaráðsformanns. Séu báðir forfallaðir velja bankaráðsmenn einn úr sínum röðum til að stýra fundi.

### **9. gr. Starfsáætlun og fundargögn.**

- 9.1. Fyrir upphaf hvers almanaksárs skal formaður bankaráðs leggja fram starfsáætlun og drög að fundardögum bankaráðsins það árið.
- 9.2. Dreifa skal fundargögnum bankaráðsmanna að jafnaði eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir fund. Fundargögn skulu númeruð eftir dagskrárliðum.

### **10. gr. Fundargerðir bankaráðs**

- 10.1. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók. Ritari annast ritun fundargerða og vörslu fundargagna.
- 10.2. Í gerðabók skal a.m.k. skrá eftirfarandi:
  - 10.2.1. Stað og tíma fundar bankaráðs, upphaf hans og lok.
  - 10.2.2. Hvaða fulltrúar í bankaráði taka þátt í fundinum og hvaða starfsmenn Seðlabankans og/eða gestir taka þátt í fundinum.
  - 10.2.3. Dagskrá fundarins.
  - 10.2.4. Fundargögn sem lögð eru fram á fundinum undir hverjum dagskrárlið. Tilgreint skal hvaða gögn voru útsend fyrir fundinn og hvaða gögn eru lögð fram á fundinum.
  - 10.2.5. Ef bankaráðsmaður víkur sæti vegna vanhæfis.
  - 10.2.6. Hvað hafi verið efnislega til umræðu.
  - 10.2.7. Ákvarðanir sem teknar eru af bankaráði.
  - 10.2.8. Ákvarðanir og verkefni sem bíða næsta fundar.
  - 10.2.9. Bókanir einstakra bankaráðsmanna.
  - 10.2.10. Hver ritað hafi fundargerð.

- 10.3. Drög að fundargerð síðasta fundar skal senda bankaráðsmönnum og seðlabankastjóra innan tveggja vikna frá viðkomandi fundi. Ef varamaður sat viðkomandi fund skulu honum einnig send drögin til umsagnar.
- 10.4. Fundargerð skal undirrituð í upphafi næsta bankaráðsfundar á eftir af bankaráðsmönnum og seðlabankastjóra. Bankaráðsmenn sem ekki voru viðstaddir þann fund sem fundargerðin tekur til skulu jafnframt með áritun staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina.
- 10.5. Samþykktri fundargerð skal dreift til seðlabankastjóra, aðal- og varamanna í bankaráði og innri endurskoðanda eigi síðar en viku eftir samþykkt.
- 10.6. Bankaráðsmönnum er heimilt að kynna sér fundargerðir fyrri bankaráða.

## **11. gr. Vanhæfi.**

- 11.1. Aðal- og varamenn í bankaráði skulu ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð og afgreiðslu hvers kyns mála sem varða þá persónulega eða aðila sem þeir eru í forsvari fyrir, eiga eða stjórna. Sama á við vegna hvers kyns mála sem varða þriðja aðila ef þeir hafa verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirra.
- 11.2. Skylt er aðal- og varamönnum í bankaráði að upplýsa bankaráð fyrirfram ef aðstæður eða atvik eru fyrir hendi í máli sem valdið geta vanhæfi þeirra eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi þeirra. Bankaráð skal í kjölfarið taka ákvörðun um hvort viðkomandi aðal- eða varamaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð viðkomandi máls stendur.
- 11.3. Bankaráðsmenn meta eigið hæfi og geta einnig gert athugasemdir við hæfi tiltekinna bankaráðsmanna í einstökum málum.

## **12. gr. Trúnaðar- og þagnarskylda.**

- 12.1. Aðal- og varamenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 12.2. Aðal- og varamönnum í bankaráði er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í Seðlabankanum, þar á meðal í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.
- 12.3. Bankaráðsmenn skulu sjá til þess að trúnaðargögn, sem þeir hafa mótttekið í tengslum við störf sín í ráðinu, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

### **13. gr. Um starfsreglur bankaráðs.**

- 13.1. Stangist ákvæði starfsreglna þessara með einhverjum hætti á við ákvæði laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands eða annarra laga sem varða rekstur bankans ganga lögin framár.
- 13.2. Breyta má starfsreglum bankaráðs með samþykki meirihluta bankaráðsmanna.
- 13.3. Frumrit starfsreglna bankaráðs skal undirritað af bankaráðsmönnum. Seðlabankastjóri og varamenn í bankaráði skulu staðfesta með undirritun sinni að hafa kynnt sér innihald þeirra.
- 13.4. Birta skal starfsreglur bankaráðs á heimasíðu Seðlabanka Íslands.
- 13.5. Starfsreglur þessar skulu taka gildi 1. janúar 2020.

Þannig samþykktar á fundi bankaráðs Seðlabanka Íslands 16. desember 2019.